

**Samningur um Evrópska  
efnahagssvæðið**

**Sameiginlega EES-nefndin**

**ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR**

**nr. 61/95  
frá 18. júlí 1995**

um breytingu á XX. viðauka (Umhverfismál)  
við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, eins og hann var aðlagður með bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir samningurinn, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

XX. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 7/94 frá 21. mars 1994<sup>(1)</sup>.

Tilskipun ráðsins 94/67/EB frá 16. desember 1994 um brennslu hættulegs úrgangs<sup>(2)</sup> skal felld inn í samninginn.

ÁKVEÐIÐ EFTIRFARANDI:

1. gr.

Eftirfarandi liður komi aftan við lið 21a (tilskipun ráðsins 92/72/EBE) í XX. viðauka við samninginn:

„21b. 394 L 0067: Tilskipun ráðsins 94/67/EB frá 16. desember 1994 um brennslu hættulegs úrgangs (Stjtið. EB nr. L 365, 31. 12. 1994, bls. 34).“.

---

<sup>(1)</sup> Stjtið. EB nr. L 160, 28. 6. 1994, bls. 1 og EES-viðbætur við Stjtið. EB nr. 17, 28. 6. 1994, bls. 1.

<sup>(2)</sup> Stjtið. EB nr. L 365, 31. 12. 1994, bls. 34.

2. gr.

Fullgiltur texti tilskipunar ráðsins 94/67/EB á íslensku og norsku fylgir sem viðauki við útgáfu þessarar ákvörðunar á hvoru máli fyrir sig.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 1. ágúst 1995, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi verið sendar sameiginlegu EES-nefndinni.

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild og EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalagsins.

Gjört í Brussel 18. júlí 1995.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar  
Formaður

E. Berg

Ritarar  
sameiginlegu EES-nefndarinnar

G. Vik

M. Sucker